




Ræsting sem byggir á gæðastigum INSTA 800

Pættir sem hafa áhrif á ræstingartíma



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Skýrslan var unnin af eftirfarandi aðilum:

Eistland - Puhastusekspert OÜ (Jaanika Kasemets, Helge Alt, Irina Kosorotova)

Finnland - SSTL Puhtausala ry (Tarja Valkosalo, Sari Mattila)

Lettland - SOL Baltics (Ieva Karklina, Kurmet Vasser, Tiina Vinkmann)

Svíþjóð - Borago Konsult AB (Thomas Andersson, Karl Henriksson)

Pakkarorð

Við þökkum eftirfarandi fyrirtækjum fyrir þeirra framlag til verkefnisins:

AvistaTime – hugbúnaður til að mæla gæði ræstinga

Vileda Professional - fyrir áhöld til ræstinga

Borgaryfirvöldum í Helsinki fyrir að leyfa tímamælingar á völdum stöðum í borginni.

SOL Palvelut Oy - fyrir að gera tímamælingar mögulegar

Städarna í Linköping AB í Svíþjóð

Háskólinn í Tallin Eistlandi

Útgefið: Maí 2022

Gefið út á ensku, eistnesku, finnsku, lettnesku, sænsku, og íslensku.

Formáli

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður tímamælinga og það hvernig skilgreint gæðastig rýmis og óhreinindi í rými hafa áhrif á ræstingartíma.

Tímamælingar voru gerðar í fimm tegundum herbergja/rýma: skrifstofu, salerni, kennslustofu, gangi og stigagangi. Mælingar á skrifstofuherbergjum voru gerðar á rýmum sem voru með dúk, parketi eða teppi. Yfir 800 tímamælingar voru gerðar í Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi og Svíþjóð við gerð þessarar skýrslu.

Niðurstöður mælinganna leiddu ekki einungis í ljós hversu mikil áhrif óhreinindi og skilgreint gæðastig hafa á ræstingartíma heldur einnig leiddu þær í ljós mikilvægi þess að grunnskilningur á kjarna staðalsins sé til staðar, mikilvægi þess að geta komið auga á óhreinindi og mikilvægi sérfræðipækkingar á þrifum.

Þessar niðurstöður er hægt að nota sem grunn til þess að greina hvað hærra gæðastig raunverulega kostar í ræstingu, en það er vinnutími starfsfólks er stærstur hluti kostnaðar í ræstingu.

Mælingarnar leiddu einnig í ljós þætti sem geta lækkað ræstingartíma og þar með lækkað kostnað í ræstingu bæði frá sjónarhorni viðskiptavinar og verktaka.

Skýrslan var tekin saman sem hluti af verkefninu: “Cost Effective, Need Based Cleaning – INSTA 800”.

Verkefnið er styrkt af Erasmus+ áætluninni.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

EFNISYFIRLIT

1 Meginreglur Insta 800 staðalsins	5
2 Þættir sem hafa áhrif á ræstingartíma	7
3 Hvernig tímamælingar voru framkvæmdar	9
3.1 Gæðasnið	9
3.2 Stöðlun breyta	10
3.3 Ræsting rýma	10
3.4 Að mæla tíma	11
3.5 Gæðaúttektir	11
3.6 Greining niðurstaðna	11
4 niðurstöður	11
4.1 Óhreinindi á þrifaflötum fyrir ræstingu	12
4.2 Hvaða áhrif hefur magn óhreininda?.....	14
4.3 Áhrif gæðastiga	16
4.4 Ræstingargeta/ræstingarhraði	18
5 Aðrar niðurstöður	18
Óhrein svæði í upphafi	18
Þekking og færni skipta máli	18
Tegund óhreininda er ólík og hefur áhrif á ræstingartíma.....	19
Tegund óhreininda hefur áhrif á upplifun viðskiptavina á gæðum ræstinga	21
Hvert á gæðastig salerna að vera?	21
Ræsting getur verið ómarkviss	22
Ofæsting er möguleg.....	22
Magn óhreininda á gæðastigi 0 er mjög mismunandi	22
Ofnotkun hreinsiefna.....	22
Ástand yfirborðsefna	23
Magn innréttinga og húsgagna.....	23
Fjarlægja bletti af veggjum daglega	23
Möguleikinn á að fjarlægja óhreinindi með ræstingu	23
Ræstingaraðferðir skipta miklu máli	23
Hreinleiki klúta og áhalda skiptir máli.....	23
Slæmt samstarf við viðhald fasteigna getur valdið vandamálum í ræstingu	24
Lýsing í herbergi hefur áhrif á ræstingu	24
6 Ályktanir	24
Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum og úttektaraðilum	25

1 MEGINREGLUR INSTA 800 STAÐALSINS


INSTA 800 staðallinn lýsir kerfi til að skilgreina æskileg gæði ræstinga og hvernig á að gera úttekt á ræstingu.

Staðallinn var búinn til af aðilum frá Norðurlöndunum árið 2000 í Danmörku og uppfærð fjórða útgáfa staðalsins kom út árið 2018. Staðallinn hefur verið þýddur á 7 tungumál (ensku, norsku, sænsku, finnsku, íslensku, eistnesku og lettnesku).

Hægt er að nota staðalinn á marga vegu, t.d.:

- að skilgreina gæðasnið rýma eftir ræstingu
- Að meta gæði ræstinga
- Að meta óhreinindastig fyrir ræstingu og einnig til að meta hversu hratt óhreinkast svæði aftur
- Að prófa mismunandi ræstingaraðferðir til að ná fram skilgreindu gæðastigi
- Að finna áhrifaríkustu leiðir í ræstingu við mismunandi aðstæður

Mynd 1. Þættir sem þarf að skilgreina í INSTA 800



Insta 800 byggir á þremur meginreglum sem þarfnast skilgreiningar.

Í fyrsta lagi skal kaupandi ræstingarþjónustu skilgreina umfang þrifa; eru allir fjórir þrifafletirnir (object group) innifaldir í þjónustusamningnum, eða bara hluti þeirra. Þrifafletir eru fjórir, húsgögn og innréttingar, veggir, gólf og loft.

Í öðru lagi þarf að skilgreina hvaða ræstingargæði viðskiptavinurinn vill. Gæðastig (quality level) eru skilgreind fyrir hvern þrifaflokk. Gæðastig segja til um magn og tegund óhreininda á aðgengilegum svæðum og svæðum með erfitt aðgengi sem má skilja eftir við ræstingu. Magn óhreininda sem má skilja eftir fer eftir stærð rýmis. Staðallinn lýsir sex gæðastigum (0, 1, 2, 3, 4, 5) með nákvæmum fjölda ásættanlegra óhreinindaklassa í fjórum herbergjastærðum.

Gæðasnið samanstendur af gæðastigum hvers þrifaflatar sem á að þrifa. Gæðasnið rýmis segir til hversu mikil óhreinindi mega vera eftir í rýminu í hverjum þrifaflati að ræstingu lokinni. Með INSTA 800 er mögulegt að skilgreina mismunandi gæðastig fyrir hvern þrifaflöt og í óhreinindaflokki 1 og 2. Ef þörf krefur er hægt að bæta við viðbótakröfum í hverju gæðasniði.

Í þriðja lagi þarf að skilgreina gæðatíðni. Gæðatíðni gefur til kynna hversu oft ákveðnum gæðakröfum á að mæta.

Með notkun á staðlinum stýra gæðasnið, sem kaupandi þjónustu óskar eftir, ræstingu á rýmum og gæðaúttektum.

Mynd 2. INSTA 800 gerir mögulegt að búa til gæðasnið fyrir ólík rými sem byggja á þörfum fyrir ræstingu

Profile	A					B					C					D				
Quality level	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5
Floors																				
Waste and loose dirt, dust and stains				X				X						X				X		
Surface soiling			X					X					X						X	
Furniture and fixtures																				
Waste and loose dirt, dust and stains				X				X						X					X	
Surface soiling				X				X						X					X	
Walls																				
Waste and loose dirt, dust and stains			X					X						X				X		
Surface soiling			X					X						X				X		
Ceilings																				
Waste and loose dirt, dust and stains													X							
Surface soiling																				
Supplementary requirements	No soiling allowed on frequently touched surfaces.																			

Sem dæmi sýnir mynd 3 hvað gæðasnið A þýðir þ.e.a.s., það magn óhreininda sem á skilja eftir að lokinni ræstingu 14 m² fundarherbergi.

Mynd 3. Dæmi af INSTA gæðasniði.

Profile	A					Accepted max. amount of soiling after cleaning
Quality level	1	2	3	4	5	
Floors						
Waste and loose dirt, dust and stains			X		 A = 2  NA = 2 - 3	
Surface soiling		X			 10 - 25 %	
Furniture and fixtures						
Waste and loose dirt, dust and stains			X		 A = 2  NA = 2 - 3	
Surface soiling				X	0 %	
Walls						
Waste and loose dirt, dust and stains		X			 A = 3 - 5  NA = 4 - 6	
Surface soiling			X		 0 - 10 %	
Ceilings						
Waste and loose dirt, dust and stains						
Surface soiling						
Supplementary requirements	No soiling allowed on frequently touched					

These object groups are cleaned:

- Furniture and fixtures
- Walls
- Floor
- Dirt on accessible area
- Dirt on not immediately accessible area



Verktökum er heimilt að velja viðeigandi ræstingaraðferðir og hvernig á að nota þær rétt. Með því að einblýna á óhreinindin er athyglinni beint að þeim svæðum sem þurfa mest á ræstingu að halda.

2 ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á RÆSTINGARTÍMA

Nokkrir þættir hafa áhrif á ræstingartíma (sjá mynd. 4). Ákvarðanir um þætti, sem hafa áhrif á tæstingar tíma, eru teknar á mörgum mismunandi stigum.

Sumir þættir sem tengjast ræstingartíma eru ákvarðaðir strax við hönnun húsnæðis, líkt og gólfefni og innréttingar, þeim er ekki auðvelt að breyta eftir á.

Sumir þættir eru háðir viðskiptavininum, líkt og skilgreint gæðastig að ræstingu lokinni, gæðatíðni, þeim þrifaflötum sem á að þrifa, aðferðir sem koma í veg fyrir óhreinindi, hindranir sem geta gert ræstingu erfiðari og viðhald fasteignarinnar.

Verktakinn getur haft áhrif á ræstingartíma á margan hátt, jafnvel þótt hafa verði í huga áður nefnda þætti. Til að byrja með þarf verktaki að velja árangursrík tæki og ræstiaðferðir sem henta magni og tegund óhreininda. Þetta krefst viðeigandi fagkunnáttu og þekkingar af ræstingarfyritækinu sjálfu, se mog yfirmönnum og ræstingarfólki.

Mynd 4. Þættir sem hafa áhrif á ræstingartíma.



Vinnurannsóknir frá Finnlandi um 1970 sýna hvernig magn óhreininda og magn innréttinga, tegund ræstingaráhalda og breidd þeirra hefur áhrif á ræstingartíma (Mynd. 5). Hins vegar sýna þessar rannsóknir ekki gæðastig að lokinni ræstingu eða tegund rýmis.

Mynd 5. Dæmi um tímastaðla sem byggja á ræstingaraðferðum og ræstingaráhöldum.

Innréttingar % af gólfleti	Aðferð	Óhreinindi					
		Aðeins óhreint		Nokkuð óhreint		Mjög óhreint	
		min/m ²	m ² /h	min/m ²	m ² /h	min/m ²	m ² /h
< 10 %	Rök moppa, 50 cm moppa	0.052	1154	0.066	909		
	Rétt rök moppa, 50 cm moppa	0.069	869	0.071	845		
	Rök moppa, 75 cm moppa	0.040	1500	0.060	1000	0.080	750
	Rök moppa, 40 cm moppa	0.085	706				
	Scrubber drier, vinnslubreidd 50-53 cm	0.052	1154	0.067	896		
10 - 20 %	Rök moppa, 50 cm moppa	0.064	938	0.076	789		
	Rétt rök moppa, 50 cm moppa	0.076	789	0.085	706		
	Rök moppa, 75 cm moppa	0.050	1200	0.070	857	0.090	667
	Rök moppa, 40 cm moppa	0.119	504				
	Scrubber drier, vinnslubreidd 50-53 cm	0.055	1091	0.072	833		
20 - 50 %	Rök moppa, 50 cm moppa	0.076	789	0.092	652		
	Rétt rök moppa, 50 cm moppa	0.087	690	0.090	667		
	Rök moppa, 75 cm moppa	0.081	741	0.089	674	0.102	588
	Rök moppa, 40 cm moppa	0.124	484				
> 50 %	Rök moppa, 50 cm moppa	0.090	667	0.115	522		
	Rétt rök moppa, 50 cm moppa	0.095	632	0.106	566		
	Rök moppa, 75 cm moppa	-		-			
	Rök moppa, 40 cm moppa	0.135	444				

Í sumum löndum er búið að skipgreina ræstingargetu per klukkustund. Ræstingargeta byggir meðal annars á gólfefni og tegund húsnæðis.

Nokkur dæmi frá Svíþjóð (Städbranschen Sverige. Nyckeltal för Städbranschen):

Skilvirkni ræstingar

- skrifstofurými 220 – 375 m² á klukkutíma
- kennslustofa 250 – 450 m² á klukkutíma
- salerni 40 – 50 m² á klukkutíma
- gangur í skrifstofubyggingu með gólfdukk er 450 – 550 m² á klukkutíma og skólar með plast dúkum 500 – 600 m² á klukkutíma.
- stigar 240 -300 m² á klukkutíma.
-

3 HVERNIG TÍMAMÆLINGAR VORU FRAMKVÆMDAR

Markmið verkefnisins var að fá leiðbeinandi niðurstöður hvernig óhreinindi hafa áhrif á ræstingartíma þegar mismunandi gæðastigum er náð. Fimm tegundir rýma voru valdar til tímamælinga: skrifstofa, kennslustofa, salerni, stigar, og gangar. Allar mælingar voru gerðar við raunverulegar aðstæður. Tíminn var mældur frá gæðastigum 0-4 fyrir ræstingu til gæðastiga 3-5 eftir ræstingu, nema stigar voru einungis í gæðastigum til 3 og 4.

Tími / m ² , tími/rými			
Gæðastig fyrir ræstingu	Gæðastig eftir ræstingu		
	3	4	5
0	Tími	Tími	Tími
1	Tími	Tími	Tími
2	Tími	Tími	Tími
3		Tími	Tími
4			Tími

3.1 Gæðasnið

Hópurinn skilgreindi gæðasnið að ræstingu lokinni (Mynd 6). Vegna þess að allar mælingar voru gerðar við raunverulegar aðstæður og í skilgreindum prófunarrýmum, var ekki hægt að stilla eða skoða á áreiðanlegan hátt gæðastig fyrir yfirborðsóhreinindi. Því voru einungis sett gæðasnið fyrir hóp 1.

Mynd 6. Gæðasnið að ræstingu lokinni.

Snið	A					B					C				
Gæðastig	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5
Gólf															
Úrgangur og laus óhreinindi, ryk og blettir			x						x						x
Yfirborðsóhreinindi															
Húsgögn og innréttingar															
Úrgangur og laus óhreinindi, ryk og blettir			x						x						x
Yfirborðsóhreinindi															
Walls															
Úrgangur og laus óhreinindi, ryk og blettir			x						x						x
Yfirborðsóhreinindi															
Ceilings															
Úrgangur og laus óhreinindi, ryk og blettir															
Yfirborðsóhreinindi															
Viðbótarkröfur															

3.2 Stöðlun breyta

Til að mæla ræstingartíma á áreiðanlegan hátt, var reynt að staðla aðra þætti en óhreinindi og gæðastig eins og hægt var. *Introduction to Work Study*, útgefið af International Labour Organization ILO árið 1992 voru notaðar sem leiðbeiningar.

Tímamælingar fyrir hverja herbergistegund voru gerðar í einu landi. Salerni, kennslustofur, og skrifstofur með hörðu gólfi voru rannsakaðar í Eistlandi, skrifstofur með teppi í Svíþjóð, stigar í Lettlandi og gangar í Finnlandi. Rannsóknirnar voru gerðar í nokkrum sambærilegum rýmum. Hvert rými sem tilheyrði ákveðnum herbergjaflokki voru nokkurn veginn sömu stærðar og höfðu sömu gólfefni og sama magn innréttinga. Snertifletir og hindranir í ræstingu voru skráð niður.

Einnig voru ræstingaráhöld stöðluð. Vileða fagleg ræstingaráhöld voru notuð og hvert land ákvað hvaða áhöld og aðferð var notuð við afþurrkun og gólfþvott. Ef þörf var á gólfþvottavélum voru þær vélar sem voru aðgengilegar notaðar.

Til að koma í veg fyrir að vinnuhraði hefði áhrif á ræstingartíma var meginreglan sú að einungis einn hæfur starfsmaður ræsti hverja tegund herbergis. Þar sem prófunartíminn dróst á langinn sökum heimsfaraldursins var þetta ekki mögulegt við mælingar á skrifstofum og kennslustofum.

Prófunartímabilið var frá mars 2021 til mars 2022. Vegna faraldursins voru herbergin aðeins notuð af og til sem lengdi prófunartímabilið. Lítill notkun herbergja gerði það einnig að verkum að í sumum tilfellum þurfti að óhreinka herbergin til að ná ákveðnu magni af óhreinindum áður en ræst var. Þegar um ganga var að ræða var þetta öfugt: Gólf þurfti að forræsta til að fá herra gæðastig en 0 fyrir hreinsun.

Í sumum tilfellum þurfti einnig að fresta mælingum vegna þess að ræstingarstarfsmaður fékk Covid-19.

Skjölun á herbergjum, áhöldum og hæfni ræstingarfólks má sjá í viðauka 1.

3.3 Ræsting rýma

Ræsting rýma var skipulögð eftir að gæðaúttekt fór fram og áður en búið var að þrifa og byggð á INSTA 800 stöðluðum gæðastigum. Ræstingarstarfsfólki var ráðlagt að ræsta á sem skilvirkastan hátt til að ná tilsettu gæðastigi. Þetta fól í sér að gefa þurfti gaum að mismunandi magni og tegundum óhreininda á mismunandi yfirborðum.

Dæmi um hvernig skipt var um ræstingaraðferð við mismunandi óhreinindi og gæðastig:

- breyta aðferðinni, t.d. úr rétt rakri í raka moppu
- Breyta því hversu vel yfirborð voru ræst
- að Skipta um áhöld, t.d. úr einni gerð af moppu í aðra eða úr handvirku áhaldi í vél
- Fletir sem litu út fyrir að vera hreinir voru ekki ræstir.

Mælingarnar voru gerðar í Covid-19 heimsfaraldrinum þannig að allir snertifletir voru hreinsaðir í hvert skipti þrátt fyrir að sýnileg óhreinindi hafi ekki verið til staðar.

Árstíðabundin ræstingaverkefni voru innifalin í ræstingunni. Í sumum tilfellum var þeim tíma sem þurfti til þeirra bætt við ræstitíma þannig að ræstingarplönin samsvöruðu raunverulegum aðstæðum.

3.4 Að mæla tíma

Tímamælingar hófust þegar öll nauðsynleg áhöld voru tilbúin og starfsmaður tilbúinn að byrja, t.d., starfsmaður með rakan örtrefjaklút fyrir utan herbergið. Tímamælingum var hætt þegar búið var að þrifa rýmið, t.d. þegar búið var að henda rusli úr fægisskóflu í ruslapokann. Avista Time eða skeiðklukka voru notuð og ræstingartími var skráður í Excel töflu í sek/mínútum.

Til að fá meðaltíma fyrir hvert rými voru að minnsta kosti tólf endurtekningar gerðar í öllum stofum nema í kennslustofum vegna skorts á notkun þeirra.

Vinnuhraði (work tempo) var ekki metinn vegna þess að í flestum tilfellum var einungis einn starfsmaður sem framkvæmdi ræstinguna.

3.5 Gæðaúttektir

Gæðastig hvers rýmis var skoðað bæði fyrir og beint eftir ræstingu. Óhreinindaklasar voru skoðaðir sjónrænt og skráð í Avista Time hugbúnað. Skýrslur sem fengust úr hugbúnaðinum voru notaðar til að greina niðurstöður.

Gæðaúttektir voru gerðar samkvæmt INSTA 800 staðlinum.

Úttektir voru gerðar af aðilum sem höfðu réttindi skv. INSTA 800 til úttekta, sjá viðauka 1.

3.6 Greining niðurstaðna

Til að finna út hvernig óhreinindi og settar gæðakröfur höfðu áhrif á ræstingartíma, var fundinn meðaltími af þessum tólf endurteknu ræstingum á hverju rými. Niðurstöður voru greindar á tölfræðilegan hátt með því að reikna p-gildi til að finna út hvort niðurstöðurnar væru marktækar.

P-gildi, eða líkindagildi, er tala sem lýsir hversu líklegt er að gögnin hefðu átt sér stað fyrir tilviljun. P-gildi minna en 0,05 er talið gefa vísbendingu um að niðurstöðurnar séu tölfræðilega marktækar.

4 NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar gefa til kynna að ræstingartími sé háður magni óhreininda og gæðastigi. Í þessum mælingum kom það betur í ljós á göngum og stigum en í öðrum rýmum þar sem magn og tegund óhreininda á húsgögnum og innréttingum olli breytileika í hvers konar ræstingu þurfti. Einnig kom fram hversu mikil áhrif hindrun í ræstingu getur haft á ræstingartíma.

Mynd 7. Sem dæmi, snúrur, mikið magn af dóti á borði og gólfi hafa hindra ræstingu.




4.1 Óhreinindi á þrifaflötum fyrir ræstingu


Það er algengt að gæðastig mismunandi þrifaflata í hverju rými séu ekki þeir sömu fyrir ræstingu. Þetta átti einnig við í þessum mælingum.

Í skrifstofum sem voru með gólfteppi var algengasta gæðastigið fyrir ræstingu 3. Myndin sýnir að í flestum tilfellum var gæðastig gólfs 3 en gæðastig veggja var oftast 5. Gæðatíðni skrifstofu var einu sinni í viku.


Myndir 8.1-8.6. Gæðastig þrifaflata fyrir ræstingu í mismunandi tegundum rýma.




Skrifstofur með hörðu gólfi með gæðastig 3 fyrir ræstingu, sýna niðurstöður að óhreinasti þrifa flokkurinn er sennilega veggir eða húsgögn og innréttingar.




Í skólastofum með gæðastig 1 fyrir ræstingu var óhreinasti þríflokkurinn sennilega veggir eða húsgögn og innréttingar.




Á salernum með gæðastig 1 fyrir ræstingu, var óhreinasti þríflokkurinn sennilega húsgögn og innréttingar eða golf.



Á göngum var gæðastig fyrir ræstingu alltaf 0. Í öllum tilfellum var gæðastig gólfa 0, og gæðastig húsgagna og innréttinga 5.



Í stigum var gæðastig 0 fyrir ræstingu, gæðastig á gólfi var 0 en gæðastig húsgagna og innréttinga var í öllum tilfellum 5.



LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Það er gagnlegt að þekkja algeng gæðastig fyrir ræstingu til að skilgreina það gæðastig sem á best við fyrir hvern óhreinindaflokk eftir ræstingu.

Ef það eru einungis fá húsgögn í rými ætti gæðastig að vera nægilega hátt til að ná fram æskilegu gæðastigi eftir ræstingu.


Einnig er hægt að bæta viðbótarkröfum við gæðasnið. Ef þær eru til staðar er gott að hafa í huga að ef viðbótarkröfum er ekki mætt muni það leiða til höfnunar rýmis.

4.2 Hvaða áhrif hefur magn óhreininda?

Niðurstöður voru breytilegar hvað varðar áhrif magns óhreininda á ræstingartíma. Áhrif óhreininda í stigum og göngum var augljósari en í öðrum tegundum rýma. Í þessum tegundum rýma voru p-gildi einnig oftast undir 0,05 og má líta á þær niðurstöður sem tölfraðilega marktækar.

Á myndunum hér fyrir neðan eru niðurstöður sýndar í mín/m², nema fyrir skrifstofur með hörðu gólfi og salerni, þar eru niðurstöður í mín/herbergi. Það er vegna þess að magn húsgagna var það sama en það var nokkur munur á gólfleti.

Mynd 9. Magn óhreinna sem hefur áhrif á tíma fyrir ræstingu (BC) í mismunandi gæðastigum eftir ræstingu (AC). Tölurnar vísa til mismunandi gæðastiga skv. INSTA 800 staðlinum. Tímar eru sýndir í mín/m² nema fyrir skrifstofur með hörðu gólfi og salerni, þar eru tímar sýndir sem mín/herbergi.



LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Það er gagnlegt að reyna að koma í veg fyrir óhreinindi eins og hægt er. Þetta getur þýtt að vera með góðar gólfmottur við innganga og ruslatunnur á réttum stöðum til að koma í veg fyrir óhreinindi. Í tilfelli yfirborðsóhreininda er nauðsynlegt að greina ástæður þeirra og vera viss um að þau séu ekki tilkomin vegna rangra ræstingaraðferða.






LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Magn óhreinna hefur áhrif á ræstingartíma sem ætti að koma fram í verði þjónustunnar.

4.3 Áhrif gæðastiga

Niðurstöður leiddu í ljós hækkun á ræstingartíma með einhverjum undantekningum ef sett gæðastig er hækkað. Myndir að neðan sýna hækkunina þegar gæðastig eftir ræstingu er hækkað úr 3 um einn.

Á göngum, stigum, skrifstofum með teppum og salernum er tímaaukning í samræmi við það sem kom fram að ofan. Á skrifstofum með hörðu gólfi og í kennslustofum er tímamismunurinn að hluta til í ósamræmi við þetta. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að það var ekki mögulegt að einungis einn starfsmaður ræsti rýmið. Tegund óhreininda og staðsetning þeirra gæti einnig hafa haft áhrif á niðurstöðurnar. Úrgangur, laus óhreinindi og blettir reiknast öll í óhreinindaflokk 1 en þarfnast mjög mismunandi aðferða við að fjarlægja þá. Mikið var um hindranir í skrifstofum, kassar á gólfi og hlutir á borðum sem gerðu ræstingu mjög erfiða.


Mynd 10. Tímaaukning í prósentum í mismunandi herbergjategundum og í mismunandi óhreinindastigum fyrir ræstingu (BC) og gæðastig eftir ræstingu (AC). Númerið fyrir aftan BC og AC vísa til gæðastiga INSTA 800 staðalsins. Prósentur í hvítu letri sýna hækkun þegar gæðastig er hækkað um 1. Prósentur í svörtu letri endurspeгла hækkun samanborið við gæðastig 3 eftir hækkun.



LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Það er nauðsynlegt að skilgreina þarfamiðað gæðasnið fyrir hverja tegund rýmis, ekki of lágt og síðast en ekki síst ekki of hátt. Vinna starfsfólks er um það bil 80-90% af ræstingarkostnaði. Ef gæðastig er of hátt að óþörfu leiðir það til óþarfa kostnaðar.

LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Til að gera ræstingu sem hagkvæmasta er nauðsynlegt að kunna að koma auga á óhreinindi.

Mynd 11. Áhrif gæðastiga við mismunandi óhreinar aðstæður er sýndur á myndum að neðan. Tími er sýndur í min/m² nema í skrifstofum með hörðu gólfi og salernum er tími í min/herbergi.



4.4 Ræstingargeta/ræstingarhraði

Ræstingargeta var reiknuð í m²/klst við mismunandi óhreinar aðstæður og við mismunandi gæðastig. Mikill munur kom í ljós í öllum tegundum rýma sem sýnir greinilega áhrif óhreininda og þess gæðastigs sem stefnt er að.

Sem dæmi, á göngum var munur á ræstingargetu 290 – 925 m²/klst. Ræstingargetan/hraði var minnst þegar gæðastig fyrir ræstingu var 0 og stefnt var að gæðastigi 5 eftir ræstingu. Ræstingargeta/hraði upp á 925 m²/klst var náð þegar gæðastig fyrir ræstingu var 2 og stefnt var að gæðastigi 3 eftir ræstingu.

Ræstingargeta/ræstingarhraði (m²/klst) í raunverulegum prófunaraðstæðum voru eftirfarandi:

Gangar: 290 – 925 (sænskt meðaltal 500-600)

Stigar: 750-1500 (sænskt meðaltal 240-300)

Skrifstofur, hart gólf: 80 – 240 (sænskt meðaltal 220-375)

Skrifstofur, teppi: 190 – 600 (sænskt meðaltal ekki vitað)

Kennslustofur: 195 – 400 (sænskt meðaltal 250-450)

Salerni: 20 – 65 (sænskt meðaltal 40-50)

LÆRDÓMUR: Ræstingargeta/ræstingarhraði er mjög mismunandi. Það er erfitt að gefa upp almennan ræstingartíma fyrir mismunandi herbergjategundir. Sé horft á þessar lykiltölur, sem byggja á hversu óhreint var fyrir ræstingu og hversu hreint á að vera eftir ræstingu, kemur mikill munur tímamunur í ljós allt eftir því hvaða gæðastig er valið eftir ræstingu. Þetta ætti að hafa í huga þegar ræstingartími er reiknaður og verið er að gera tilboð í verk.

Athugið! Áðurnefndar tölur eru tengdar ákveðnum aðstæðum og ætti ekki að nota sem grunn að tímareikningum í öðrum aðstæðum.

5 AÐRAR NIÐURSTÖÐUR

Margt annað kom í ljós meðan á tímamælingunum stóð. Allt eru þetta vel þekkt atriði sem gerast í raunverulegum aðstæðum.

Óhrein svæði í upphafi

Í upphafi samnings eiga rými ekki að vera óhrein. Ef svo er, verður mjög erfitt fyrir verktaka að ná settum gæðaviðmiðum.


LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTU: Gæðaúttekt skal fara fram í upphafi samningstíma til að tryggja að gæðastig svæðanna samsvari þeim gæðasniðum sem eru skilgreind í samningum.

Ef óhreint er í upphafi, skal ná gæðasniðum, sem samningur skilgreinir, strax við upphaf samnings eða strax á eftir með ítarlegri ræstingu. Þetta er innig krafa skv. INSTA 800 staðlinum (kaflí 9).

Þekking og færni skipta máli

Þegar ræstingarstarfsmaður stendur undir gæða skilgreiningum INSTA 800 og hefur fullnægjandi hæfni, er skilgreindum gæðum í ræstingu náð á mun styttri tíma.

Mynd 12. Dæmi af áhrifum þekkingar og færni á skilvirkni ræstingarstarfsmanns þegar starfsmaður hafði bæði fengið ræstingar og INSTA þjálfun, eða bara fengið kynningu á INSTA staðlinum og starfsmaður án INSTA þekkingar né ræstingarkennslu.



LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTU: Í útboðsgögnum komi einnig fram að INSTA þekking starfsfólks sé skilyrði.


LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Þjálfað starfsfólk, gefið endurgjöf og eflið sérfræðikunnáttu.

Tegund óhreininda er ólík og hefur áhrif á ræstingartíma


Tegund óhreininda er mismunandi milli herbergjategunda, þrifaflata og milli daga. Tegund óhreininda hefur einnig áhrif á ræstingartíma. Notast þarf við mismunandi ræstingaraðferðir, t.d. ef við berum saman hvernig á að ná kýsil af eða þrifa fingraför á baðherbergjum.

Nokkur dæmi úr óhreinindaflokki 1 í mismunandi herbergjategundum og gæðastigum fyrir ræstingu.


Mynd 13. Fjöldi óhreinindaklasa á aðgengilegum svæðum (A) og svæðum með erfitt aðgengi (NA) með mismunandi þrifaleti og herbergjategundum.




Stairs, Quality level before cleaning 0





Office, textile floor, quality level before cleaning 3



Office, hard floor, quality level before cleaning 3





LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Greining á óhreinindum getur aðstoðað við að skipuleggja þjónustuna og velja réttar aðferðir. Lykilhæfni ræstingarstarfsmanns er að koma auga á óhreinindi og velja réttu aðferðina við að þrifa.

Tegund óhreininda hefur áhrif á upplifun viðskiptavina á gæðum ræstinga

Ef yfirborðsóhreinindi eru til staðar eða önnur “gömul” óhreinindi, telja viðskiptavinir rýmið vera óhreinna en ef einungis laus óhreinindi væru til staðar.

LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Nauðsynlegt að skilgreina vel hver raunverulega gæðatiðnin þarf að vera.

FYRIR VERKTAKA: Góð reglubundin viðhaldsprif með fullnægjandi tíðni, réttar aðferðir, þjálfað starfsfólk og rétt tíðni á ræstingu er nauðsynleg. Til dæmis þegar gerðar eru ræstingaráætlanir getur verið sniðugt að velta fyrir sér hvort færa megi þrif á föstudögum fram á mánudagsmorgna.

Hvert á gæðastig salerna að vera?

Í litlum skoðunareiningum eða ef salerni er skipt upp í minni skoðunareiningar, mun gæðastig 3 leyfa hlutfallslega mikil óhreinindi.

LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTU: Fyrir salerni í ofan nefndu dæmi gæti verið betra að velja gæðastig 4 eða 5. Gæðastig 3 gæti verið fullnægjandi fyrir stærri salerni sem er ekki skipt niður í smærri skoðunareiningar.

Ræsting getur verið ómarkviss

Það getur gerst að settu gæðastigi er ekki náð. Fyrir eftir moppun, laus óhreinindi eða blettir verða eftir á yfirborði.

Ástæður fyrir lélegri ræstingu geta t.d. verið að það hefði þurft að skipta um moppu meðan rýmið var þrifið til að ná upp öllum óhreinindunum. Aðferð við moppun hafi verið röng eða ekki rétta aðferðin í þessum aðstæðum, eða að gólfíð er ræst með óhreinu áhaldi. Einnig getur verið notast við ranga ræstingaraðferð eða ræstingaráhöld.

Í þessum tilfellum fer ræsting fram en tímanum er illa varið.

LÆRDÓMUR FYRIR verktaða: Fagmennska ræstingarstarfsmanns er mikilvæg. Ef svo er ekki ætti vinnuveitandi að veita góðar og einfaldar leiðbeiningar, þjálfun og veita endurgjöf sem hvetur starfsmanninn til að ná settu markmiði.

LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Gera ætti kröfu um fagkunnáttu ræstingarstarfsfólks og það hafi þekkingu á INSTA 800.

Ofræsting er möguleg

Það er ekki alltaf auðvelt að ræsta upp að ákveðnu gæðastigi, sérstaklega að gæðastigi 3, meiri óhreinindi eru ásættanleg eftir ræstingu samanborið við gæðastig 4 og 5. Það er því mjög auðvelt að ofræsta.

LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Það er mikilvægt að starfsmaðurinn sé vel kunnugur gæðastigum INSTA 800 og viti hvað þarf til að ná þessum markmiðum í mismunandi aðstæðum. Gæðaúttektir sem starfsfólk framkvæmir sjálf eru leiðbeinandi og mælt með að þær fari fram.

Magn óhreininda á gæðastigi 0 er mjög mismunandi


Gólf getur t.d. haft mikið af lausum óhreinindum, gæðastigið væri í öllum tilfellum 0 en magn óhreininda getur verið tvöfalt eða meira.

LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTUNNAR: Til að ná fram sparnaði ætti að nota allar aðferðir til að koma í veg fyrir að svæði óhreinkist. Einnig ætti að huga að gæðatíðni í herbergjum sem eru oft mjög óhrein.

Ofnotkun hreinsiefna

Ofskömmun hreinsiefna getur leitt til þess að leifar þess safnist upp á yfirborðinu og myndi yfirborðsóhreinindi.


LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Rétt skömmun hreinsiefna er nauðsynleg og það þarf að þjálfa starfsfólk til þess. Sjálfvirkir skammtarar henta líka vel. Það er líka nauðsynlegt að velja ræstingaraðferðir sem taka mið af óhreinindum sem þarf að fjarlægja.



Ástand yfirborðsefna

Ástand yfirborðsefna hefur áhrif á ræstingu. Ef yfirborð er skitið getur verið ómögulegt að þrifa það vel eða jafnvel sjá hvort yfirborðið er óhreint.

LÆRDÓMUR FYRIR ALLA AÐILA: Í byrjun samningstíma er gott að koma sér saman um hvernig eigi að gera gæðauðttektir á slitnum yfirborðum.



Magn innréttinga og húsgagna

Það getur verið gott að íhuga magn innréttinga og húsgagna í rými þegar gæðastig eru ákveðin.

LÆRDÓMUR FYRIR KAUPANDA ÞJÓNUSTU: Ef það eru einungis nokkur húsgögn í herbergi getur verið gott að setja hærra gæðastig en í öðrum herbergjum af sömu tegund. Annars getur það gerst að hreinleiki húsgagnanna eftir ræstingu verði ekki fullnægjandi, vegna þess að gæðastigið samþykkir ákveðið magn óhreininda fyrir hverja herbergjastærð, ekki á fjölda húsgagna.

Ef herbergi er fullt af húsgögnum tekur ræsting meiri tíma. Allt auka dót á röngum stöðum hægir mjög á ræstingunni.

Fjarlægja bletti af veggjum daglega

Það er skynsamlegt að fjarlægja bletti af veggjunum daglega eða eins oft og herbergið er þrifið. Ef það er ekki gert festast blettir oft á yfirborðinu og það verður mun erfiðara að fjarlægja þá.

LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Minna á þetta í kennslu fyrir ræstingarstarfsfólk.

Möguleikinn á að fjarlægja óhreinindi með ræstingu

Það er ekki alltaf augljóst hvort hægt sé að fjarlægja óhreinindi með viðhaldsræstingu/daglegri ræstingu, t.d. svartar rendur á gólfi. Það er líka nauðsynlegt að skilgreina hvaða óhreinindi er mögulegt að fjarlægja yfir höfuð (tilvísun í INSTA 800 staðalinn, 3.2.5).

LÆRDÓMUR FYRIR ALLA AÐILA: Það er nauðsynlegt að flokka óhreinindi.

Ræstingaraðferðir skipta miklu máli

Hafi gæðastigum ekki verið náð, hefur lausnin stundum verið sú að auka tíðni ræstingar. Að auka tíðni leysir ekki endilega vandamálið, aukin tíðni felur ekki endilega í sér aukin gæði.

LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Rangar ræstingaraðferðir geta aukið gæðavandamál, t.d. með of mikilli sápunotkun sem skilur eftir sig yfirborðsóhreinindi.

Tegund óhreininda hefur áhrif á val áhalda og aðferða. Þjálfaðu starfsmanninn í að velja rétt áhöld og réttar aðferðir í mismunandi aðstæðum.

Hreinleiki klúta og áhalda skiptir máli

Ástand örtrefjaklútar hefur áhrif á hversu vel hann virkar.

LÆRDÓMUR FYRIR VERKTAKA: Mikilvægt að kanna ástand örtrefjaklúta reglulega. Slitinn klútur getur leitt til aukins tíma í ræstingu. Það er hagkvæmara að kaupa nýja klúta en að þrifa með ónýtum klútum.

Slæmt samstarf við viðhald fasteigna getur valdið vandamálum í ræstingu

Slæm lýsing getur t.d. gert starfsmanni erfitt fyrir að ræsta á fullnægjandi hátt. Ónýt eða brotin tól og tæki geta skapað meiri óhreinindi.

LÆRDOMUR FYRIR ALLA AÐILA: Gott samstarf við viðhaldsdeildir fasteigna er nauðsynlegt. Gangið úr skugga um að allir aðilar viti hvert á að tilkynna um t.d. brotna lampa, salerni sem virka ekki eða álíka. Viðhaldsdeildir ættu að bregðast við án tafar.

Lýsing í herbergi hefur áhrif á ræstingu

LÆRDOMUR FYRIR VERKTAKA: Ensure that there are the proper lightning conditions at the time of cleaning. Gakktu úr skugga um að lýsing sé fullnægjandi þar sem verið er að ræsta. Athugið að gæðaúttektir eiga að fara fram við sömu lýsingu og ræsting (Tilvísun í INSTA 800 staðal, 7.1.1).

6 ÁLYKTANIR

Þessar tímamælingar hafa sýnt fram á að það eru nokkrir þættir sem hafa áhrif á ræstingu og ræstingartíma. Það er augljóst að óhreinindi og gæðakröfur skipta miklu máli, en skilvirkni ræstingar og ræstingartíma er mismunandi á milli ólíkra tegunda herbergja. Einnig skiptir hæfni starfsmanns miklu máli svo og fegþekking ræstingarfyrtækisins. Mælingarnar sýndu fram á mikilvægi þess að skilja kjarna staðalsins, koma auga á óhreinindi og ræstingarþekking.

Hægt er að nota niðurstöður þessara mælinga þegar verið er að skipuleggja gæðakröfur, hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga að hvert dæmi er einstakt.

Miðað við niðurstöður þessar mælinga má áætla að u.þ.b. 10-30% aukinn tími er nauðsynlegur ef hækka á gæðastig um 1 en tekur mið af tegund óhreininda og tegund húsnæðis. Ræsting er hagkvæmust ef magn óhreininda og sett gæðastig er haft í huga fyrir ræstingu. Ef þetta er gert ætti hvorki að vera illa ræst né ofræst.

Allar tímamælingarnar voru gerðar við raunverulegar aðstæður. Það olli miklum breytileika í niðurstöðunum. Þannig er veruleikinn í daglegri ræstingu í ræstingargeiranum. Ræstingarþjónusta er ekki staðlað fyrirbæri, en niðurstöður sýna að með INSTA 800 staðlinum er hægt að þróa ræstingarþjónustu og ræstingariðnaðinn.

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum og úttektaraðilum

Kennslustofur (háskóli)

Herbergjastærð: 33 – 35 m ²
Gólfefni: Bónaður dúkur
Veggir: Málaðir
Húsgögn: 12 borð, með kennaraborði 23 stólar Tafla
Hindranir: Borðum er raðað mjög þétt saman, erfitt að ræsta undir þeim.
Snertifletir: Hurðarhúnar Yfirborð borða Stólar



Hæfni:

Starfsfólk: EQF stig 3 Yfirmaður stig 4
Úttektaraðili: INSTA 800 þekkingarstig 3, Yfirmaður INSTA 800 Þekkingarstig 4

Áhöld

					
MicronQuick örtrefjaglútur	Multiduster	MiraClean töfrasvampur	Sanifix, mjór bursti	Vileda uppvottabursti	Swep Duo MicroCombi 50 cm
Afþurrkun með rökum eða rétt rökum klút	Afþurrkun með þurru og röku.	Til að þrifa óhreinari svæði og fjarlægja bletti	Til að þrifa í kringum blöndunartæki og þröng svæði.	Þrifa vask	Rök eða rétt rök moppun á gólfi.

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum starfsfólki og úttektaraðilum

Gangar (Skólar)

Herbergjastærð 68 – 70 m ²
Gólfefni: Bónaður dúkur
Veggir: Múrsteinar Málaður viður Málaðir steinveggir
Húsgögn og innréttingar: Lakkaður viður Málaður viður og stál Gervi leður
Hindranir: Mikið af súlum og hornum Slitið yfirborð Múrsteinar Bón á gólfi slitið
Snertifletir: Hurðahúnar



Hæfni

Starfsmaður: Hefur lokið starfsnámi í ræstingu Unnið í ræstingu síðan 2005
Úttektaraðili: INSTA 800, réttindi, þekkingarstig 4

Áhöld

						
MicronQuik örtrefjaglútur	Swep Duo moppa fyrir vegg og innréttingar	MiraClean töfrasvampur	Swep Duo MicroTech 75 cm	Swep Duo MicroCombi 50 and 75 cm	Swep squeezeemop 50 cm	Taski 855 gólfþvottavél
Rök og rétt rök afþurrkun húsgagna	Rök og rétt rök afþurrkun yfirborða	Fjarlægja bletti	Rök afþurrkun gólfa	Rök afþurrkun gólfa	Rök afþurrkun gólfa	Gólfþvottur

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum starfsfólki og úttektaraðilum

Skrifstofur, hörð gólf (háskóli)


Herbergjastærð: 9 – 11 m ²
Gólfefni: PVC
Veggir: Málaðir steinveggir
Húsgögn og innréttingar: Tvö borð Tveir skrifstofustólar 2 gesta stólar 6 bókahillur
Hindranir: Mikið af dóti á borðum. Bak við borðin eru ofnar og gluggakistur, erfitt að komast að þessum svæðum.
Snertifletir: Hurðahúnar, slökkvarar, stólar

Hæfni

Starfsmaður: EQF stig 3 Yfirmaður stig 4
Úttektaraðilar: INSTA 800 þekkingarstig 3, INSTA 800 þekkingarstig 4




Áhöld

			 
MicronQuick örtrefjaklútur	MicroPlus afþurrkunargræja	MiraClean töfraspur	Örtrefja vileda moppa
Rök og rétt rök afþurrkun	Rök og rétt rök afþurrkun á húsgögnum	Fjarlægja bletti	Prífa gólfið

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum starfsfólki og úttektaraðilum

Skrifstofur, teppi (Skrifstofubygging)

Herbergjastærð: 14 m ²
Gólfefni: Teppi
Veggir: Málaðir veggir og glerveggir
Húsgögn og innréttingar: Tvö borð Tveir skrifstofustólar Hægindastóll Tveir skjalaskápar Tveir skápar
Hindranir: Mikið af pappír á borðum og dóti á gólfi
Snertifletir: Hurðahúnar



Hæfni


Starfsmaður: Fimm ára ræstingarreynsla. Insta 800 þekkingarstig 2
Úttektaraðili: Þekkingarstig 3

Áhöld:

			
MicronQuick örtrefjaglútur	MicroPlus afþurrkunargræja	MiraClean töfrasvampur	Ryksuga, activa HT25.0 Hygienteknik AB
Rök og rétt rök afþurrkun húsgagna	Rétt rök og rök afþurrkun húsgagna	Prífa bletti	Ryksugun gólfa

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum starfsfólki og úttektaraðilum Stigar

Herbergjastærð: 14,3 – 14,6 m ²
Gólfefni: Grá öryggisgólf
veggir: Málaðir
Húsgögn og innréttingar: Engin
Hindranir: Erfitt að sjá hvort gólfið er skítugt sökum litar á gólfi.
Snertifletir: Hurðahúnar Stigahandrið



Hæfni

Starfsmaður: Sérfræðingur
Úttektaraðili: Þekkingarstig 4

Áhöld

	
MicronQuick örtrefjaglútur	Swep Duo MicroCombi 50 og 75 cm
Purr og rök afpurkun veggna og snertiflata.	Rök moppun gólfa

Viðauki 1. Skráning á herbergjum, áhöldum starfsfólki og úttektaraðilum Salerni (háskóli)

Herbergjastærð: 1,3 – 5,4 m ²
Gólfefni: Ceramic tile
Veggir: Flísar
Húsgöng og innréttingar: Salerni Vaskur Handrið við salerni Sápu, handþurrku og ruslaílát
Hinranir: Fúgan á milli flísa safnar óhreinindum. Slæm lýsing
Snertifletir: Hurðahúnar Slökkvarar Handrið fyrir hreyfihamlaða Takki til að sturta niður Klósettseta



Hæfni

Starfsmaður: 1
Úttektaraðili: INSTA 800 þekkingarstig 3, Yfirmaður INSTA 800 stig 4

Áhöld

					
MicronQuick örtrefjaklútur	Multiduster	MiraClean töfraspurur	Sanifix mjór bursti	Vileda uppþvottabursti	Sweep Duo MicroCombi 50 cm
Rök afþurrkun yfirborða	Fjarlægja ryk, bæði þurr og rök	Prífa óhrein svæði og fjarlægja bletti	Prífa kringum blöndunartæki og á þröngum stöðum	Hreinsa vaskinn	Rök og rétt rök moppun gólfa